

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. P/38/1479*  
*komudagur 29.3.2010*

Reykjavík 29. mars 2010.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 424. mál.**

Sjómannasamband Íslands hefur fengið enn eitt frumvarpið til umsagnar sem miðar að því að breyta lögunum um stjórn fiskveiða. Staðfestir þetta enn betur þá staðreynd, sem reyndar er löngu orðin ljós, að stjórnvöld meintu aldrei neitt með skipun nefndar sem var á pappírnum ætlað það hlutverk að endurskoða löggin um stjórn fiskveiða með það að markmiði að ná viðtækari sátt um kerfið. Stjórn Sjómannasambands Íslands harmar að stjórnvöld skuli með þessum hætti reyna að hafa samtökin að fíflum. Stjórn Sjómannasambands Íslands ætlar þrátt fyrir þetta að þræuka í nefndarstarfinu í von um að viðhorf stjórnvalda breytist. Stjórn Sjómannasambands Íslands hafnar frumvarpinu sem og öllum öðrum frumvörpum um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða sem kunna að verða lögð fram áður en nefndin lýkur störfum. Jafnframt er mælt til þess að allar breytingar sem stjórnvöld vilja að gerðar verði á lögunum um stjórn fiskveiða fari til umfjöllunar í endurskoðunarnefndinni eins og önnur atriði sem ná þarf sátt um í framtíðarskipan þessara mála.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson